



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Tillaga að:

STARFSLEYFI

Norðurorka hf.

Kt. 550978-0169

Glerárdalur

Akureyri

- Móttaka úrgangs á millilager og til endurnýtingar -

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa starfsleyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Útgefanda er heimilt og eftir atvikum skylt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: **XX. janúar 2038**

f.h. Heilbrigðisnefndar

NN

heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisiskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Norðurorka hf.
kt. 550978-0169

Starfsemi: Móttaka úrgangs á millilager og til endurnýtingar
Staðsetning: Glerárdalur

Gildistími starfsleyfis: frá x. janúar 2026 til x. janúar 2038

Lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda eru m.a:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 55/2003, lög um meðhöndlun úrgangs (sérstaklega gr. 43.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir
- Reglugerð nr. 1400/202 um mengaðan jarðveg
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Norðurorku kt. 550978-0169, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir, reglugerð nr. 1400/202 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Til viðbótar við starfsleyfisiskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisiskilyrða Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á úrgangi á millilager og til endurnýtingar, þ.e. móttöku á jarðefnum, m.a. menguðum sandi frá fráveitu- og hreinsilögnum rekstraraðila.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisiskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisiskilyrðum skal fara skv. ákvæðum 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra ber að sækja um nýtt starfsleyfi.
- 1.6 Ef rekstraraðili hyggst gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrimælum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.10 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni eða á heimasíðu rekstraraðila, verði því við komið. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.11 Almennir á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Móttaka á úrgangi, athafnasvæði og umgengni.

- 2.1 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á allt að 100 m³ af úrgangi á ári, m.a. menguðu efni frá sandgildrum við fráveitu- og hreinsilagnir í fráveitukerfi rekstraraðila, á millilager á afgirtu svæði í Glerárdal og til endurnýtingar í fyllingar og sem stuðningslag við lagnir, stíga og plön. Styrkur mengandi efna í jarðvegi skal vera innan viðmiða fyrir atvinnusvæði í viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- 2.2 Óheimilt er með öllu að taka á móti öðrum úrgangi eða efni en tilgreint er í gr. 2.1.
- 2.3 Millilager er staðsettur samkvæmt mynd, sbr. fylgiskjal I. Efni má mest geyma á millilager í eitt ár ef efnið á að færa til förgunar eða í allt að þrjú ár ef meðhöndla á efnið til hreinsunar á mengun eða endurnýta á einhvern máta. Halda skal skrá yfir móttöku efnis sbr. gr. 5.1.
- 2.4 Efni til endurnýtingar má nota í fyllingar á verksvæðum rekstraraðila og sem stuðningsefni (við lagnir, undirlag í stíga, bilaplön, í skurði, með fram skólplögnum, sem uppfyllingarefni o.þ.h.).
- 2.5 Stýring skal vera á móttöku á efnis inn á svæðið. Við móttöku skal gengið úr skugga um að efnið sé í samræmi við skilyrði þessi og ekki blandaður öðrum úrgangi.
- 2.6 Móttökusvæðið skal vera afgirt og hlið þess læst. Fulltrúar rekstraraðila skulu stýra umferð inn á svæðið. Aðgengi skal stýrt þannig að óviðkomandi geti ekki losað efni á svæðinu og er öll önnur losun, en frá tilgreindri starfsemi rekstraraðila óheimil á svæðinu.
- 2.7 Gæta skal af því að ekki verði fok jarðefna út fyrir svæðið. Verði fok skal gripið til ráðstafana til að stöðva fokið og skal rekstraraðili hafa viðbragðsáætlun sem kveður á um til hvaða ráðstafana skuli grípa til að koma í veg fyrir frekara fok. Viðbragðsáætlunin skal hafa borist Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar ekki síðar en 1. 12. 2025.
- 2.8 Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 2.9 Vélar, tæki, búnaður, hráefni, úrgangur og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frágengið að ekki valdi mengun, óþrifum eða óþægindum út fyrir athafnasvæðið. Tæki og áhöld sem eru starfseminni óviðkomandi skulu ekki geymd á athafnasvæðinu.

- 2.10 Rekstraraðili skal takmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum ef þörf er á. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu.

4. Mengunarvarnir

- 3.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).
- 3.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist.

5. Innra eftirlit og skráningar

- 4.1 Rekstraraðili skal hafa reglulegt innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar ávallt vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra:
- Upplýsingar um móttöku á úrgangi sem kemur til endurnýtingar. Skrá skal magn, uppruna og meðhöndlun.
 - Halda skal skrá yfir efni á millilager með tilliti til geymslutíma efnis sbr. gr. 2.3.
 - Niðurstöður efna- og gerlamælinga.
 - Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð rekstraraðila við þeim.

6. Stöðvun rekstrar

- 5.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 5.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 5.3 Við mat á mengun á svæðinu skal taka mið af ákvæðum og viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi.
- 5.4 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 14. og 16. gr. í reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs við lok starfseminnar.


x. janúar 2026

fh. Heilbrigðisnefndar

NN

heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal 1- Kort af geymslusvæðinu í Glerárdal



Kortið sýnir :

- Geymslusvæði sands = Gulur ferhyrningur
- Fólkvangur = Grænt skyggt svæði
- GPS hnit = hvítir stafir við horn ferhyrningsins
- Sýnatökubrunnar v. gömlu sorphauganna = fjólubláar línur